


Ráðstefna Brunamálastofnunar fyrir slökkviliðsstjóra 2005 -nýjar reglugerðir

Guðmundur Gunnarsson
yfirverkfræðingur
Brunamálastofnun



Nýjar reglugerðir 2005 - staða



- | | |
|---|--|
| <ul style="list-style-type: none">• Reglugerð um brunavarnir í samgöngumannvirkjum.• Reglugerð um brunahönnun bygginga | Útgefin
Í ráðuneyti |
| <ul style="list-style-type: none">• Reglugerð um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna• Reglugerð um reykköfun og eiturefnaköfun | Í ráðuneyti
Lokadrög |
| <ul style="list-style-type: none">• Reglugerð um handslökkvitæki og slöngukefli• Reglugerð um starfsemi slökkviliða• Reglugerð um eldvarnaeftirlit í atvinnuhúsnæði• Breytingar á byggingarreglugerð | Í ráðuneyti
Drög
Biðstaða
Í ráðuneyti |

- Alþingi setur lög
- Reglugerðir eru nánari útlistun framkvæmdavaldsins á því sem lögin segja fyrir um
- Framsal valds til embættismannakerfisins

Reglugerð nr. 614/2004 um brunavarnir í samgöngumannvirkjum.

- sett samkvæmt heimild í 39. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000,
- að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga
- að fenginni umsögn samgönguráðherra.
- Reglugerðin öðlaðist gildi við birtingu 13 júlí 2004



Reglugerð nr. 614/2004 um brunavarnir í samgöngumannvirkjum.

- 1. gr. Markmið
- 2. gr. Gildissvið.
- 3. gr. Skilgreiningar og orðskýringar.
- 4. gr. Brunahönnun og áhættumat.
- 5. gr. Viðbragðsáætlun.
- 6. gr. Samstarf sveitarfélaga og brunavarnaráætlun.
- 7. gr. Skyldur eigenda.
- 8. gr. Takmarkanir á notkun samgöngumannvirkis.
- 9. gr. Eftirlit með samgöngumannvirkjum.
- 10. gr. Sérstakar ráðstafanir.
- 11. gr. Æfingar.
- 12. gr. Viðurlög.
- 13. gr. Gildistaka.

Reglugerð nr. 614/2004 um brunavarnir í samgöngumannvirkjum. Nokkur atriði (1).

- Markmið að tryggja öryggi vegfarenda í samgöngumannvirkjum með fyrirbyggjandi aðgerðum og fullnægjandi viðbúnaði vegna eldsvoða og mengunaróhappa.
- Gildir um brunavarnir í samgöngumannvirkjum í eigu opinberra aðila eða einkaaðila.
- Gera brunahönnun um öll ný samgöngumannvirki.
- Slökkviliðsstjóri skal gera úttekt á brunavörnum samgöngumannvirkis sem tekið hefur verið í notkun fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og gera kröfu um úrbætur ef ástæða er til.

Reglugerð nr. 614/2004 um brunavarnir í samgöngumannvirkjum. Nokkur atriði (2).

- Gera skal **viðbragðsáætlun** m.a. hvernig fyrirmæli í áætluninni eru æfð og tíðni æfinga.
- Eigandi samgöngumannvirkis ber ábyrgð á brunavörnum í því, að brunavarnir séu virkar og að haft sé reglubundið eftirlit með þeim.
- Fyrir sérhvert samgöngumannvirki skal vera til **viðhaldsáætlun**
- Lögregla getur, í samráði við slökkviliðsstjóra og eiganda, sett **takmarkanir** á notkun samgöngumannvirkis,
- Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á að eldvarnareftirlit í samgöngumannvirkjum sé framkvæmt árlega en leysir eiganda ekki undan þeirri skyldu að hafa virkt öryggiseftirlit
- Slökkviliðsstjóri skal reglulega halda æfingar með eiganda samgöngumannvirkis og lögreglu í samræmi við fyrirmæli viðbragðsáætlunar.


Drög að Reglugerð um brunahönnun mannvirkja – lagaheimild

- Reglugerðin er skrifuð samkvæmt fyrirmælum í 24 gr. laga nr, 75/2000 öðlast þegar gildi.

- **24. gr. Sérstök eldhætta í mannvirki.**

..... Ráðherra *skal* að fengnum tillögum Brunamálastofnunar setja reglugerð um brunahönnun mannvirkja.

- Umhverfiráðuneytið hefur sent drögin til umsagnaraðila.
- Verið að vinna úr svörunum



Drög að Reglugerð um brunahönnun mannvirkja. - greinar

- 1. gr. Markmið.
- 2. gr. Gildissvið.
- 3. gr. Skilgreiningar og orðskýringar.
- 4. gr. Grunnkröfur um öryggi brunavarna bygginga.
- 5. gr. Krafa um brunahönnun og áhættumat.
- 6. gr. Gerð brunahönnunar og sannprófun.
- 7. gr. Brunahönnunarskjal
- 8. gr. Samþykkt brunahönnunar.
- 9. gr. Rekstur brunavarna.
- 10. gr. Skrá yfir brunahönnuð hús.
- 11. gr. Viðurlög.
- 12. gr. Gildistaka.

Drög að Reglugerð um brunahönnun mannvirkja. – markmið

- - a. að tryggja að öryggi brunahannaðra mannvirkja uppfylli grunnkröfur byggingarreglugerðar nr. 441/1998
 - b. að tryggja fullnægjandi framsetningu og gæði brunahönnunar og að brunahönnuðir sannprófi hönnun sína

Drög að Reglugerð um brunahönnun mannvirkja. – þrennskonar brunahönnun

- **1. stig: Brunavarnir samkvæmt forskrift.** Brunavarnirnar eru ákvarðaðar samkvæmt almennum forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar og þarf hönnuður ekki að sannprófa hana umfram það sem þar kemur fram.
- **2. stig. Blönduð brunahönnun.** Brunavarnir eru ákvarðaðar að hluta til samkvæmt almennum forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar og að hluta til með brunahönnun einstakra þátta samkvæmt markmiðsákvæðum þeim sem tilgreindar eru í 4. gr. Með brunahönnuninni má víkja frá einstökum ákvæðum reglugerðarinnar enda sýni hönnuður ljóslega fram á að ekki sé vikið frá grunnkröfum um öryggi samkv. 4. gr. Í brunahönnunarskýrslunni skal tíundað hvaða frávik eru gerð frá byggingarreglugerð og hvaða mótvægisáðgerðir eru gerðar. Séu frávik þess eðlis skal hönnuður gera næmnisathugun á völdum gildum í forsendum.
- Sérstaklega skal tekið fram ef frávikin valda því að slökkvistarf í þessu mannvirki er frábrugðið slökkvistarfi í forskriftarhönnuðu húsi.
- **3. stig. Brunahönnun með áhættugreiningu.** Í brunahönnun með áhættugreiningu eru brunavarnir byggingar að hluta til eða að öllu leyti hannaðar út frá áhættu /afleiðingamati fyrir bruna í viðkomandi mannvirki og tekið er tillit til óvissu í virkni brunavarna. Brunahönnuður setur upp valda hönnunarbruna (scenarios) og viðmið yfir ásættanlegt áreiti fyrir þá sem í mannvirkinu eru og ásættanlegar skemmdir á því.
- **Brunahönnuður skal ætíð sannprófa 2. og 3. stigs brunahönnun.**
-

Drög að Reglugerð um brunahönnun mannvirkja. – nokkur atriði

- Brunahönnuður skal alltaf gera grein fyrir því ef hættu er á sérstakri mengun við bruna í mannvirkinu og hvaða viðbragða er krafist af slökkviliðinu.
- Í brunahönnun skal hönnuður setja fram í sérstöku skjali leiðbeiningar um **rekstur og viðhald** fyrirskrifaðra brunavarna og hvernig þær skulu prófaðar.
- Byggingarfulltrúi skal senda slökkviliðsstjóra skrá yfir allar 2. og 3. stigs brunahannaðar byggingar á sínu svæði. Í skránni skulu koma fram þau **frávik sem eru frá forskriftarhönnuðum húsum og hvaða áhrif þau hafa á slökkvistarf við bygginguna.**



Drög að Reglugerð um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna - lagaheimild

- Núverandi reglugerð nr. 186/1984
- Ný rgl. sett samkvæmt fyrirmælum í 11. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000
- ----
- **11. gr. Starfsemi slökkviliðs.**
Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og vatnsöflun til slökkvistarfa. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi að fengnum tillögum Brunamálastofnunar í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

Drög að Reglugerð um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna – helstu breytingar frá rgl. 186/1994

- *Vísað til EN staðla um allan búnað í stað þess að lýsa honum með orðum*
- *Tekur til (eitur)efnabúninga*
- *Lífítími skilgreindur af framleiðanda*
- *Leiðbeiningar um notkun og viðhald á íslensku*

Drög að Reglugerð um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna - greinar

- 1. gr. Markmið
- 2. gr. Gildissvið
- 3. gr. Skilgreiningar og orðskýringar.
- 4. gr. Kröfur til gæða búnaðar.
- 5 gr. Undirfatnaður
- 6. gr. Kröfur til seljanda hlífðarbúnaðs
- 7 gr. Upplýsingar um hlífðarbúnað
- 8. gr. Breytingar á hlífðarbúnaði
- 9. gr. Hlífðarbúnaður tekin úr notkun.
- 10. gr. Viðurlög.
- 11. gr. Gildistaka.

Drög að Reglugerð um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna – nokkur atriði (1)

- Markmið er að tryggja eftir því sem unnt er að mönnum, sem skipaðir eru í slökkvilið skv. 1. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir eða eru fastráðnir sbr. 3. mgr. sé séð fyrir fullnægjandi hlífðarbúnaði til að nota við slökkvistörf.
- gildir um : Hjálma, hettur, stígvél og skó, hlífðarfatnað (heill samfestingur eða jakki og buxur) og hanska.
- einnig til sérstakra hlífðarbúninga sem ætlaðir eru til notkunar við aðgerðir vegna hættulegra efna (eiturefnagalla)

Drög að Reglugerð um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna - kröfustaðlar

- Allur hlífðarbúnaður skal að lágmarki uppfylla ákvæði eftirfarandi ÍST EN staðla. Sé keyptur hlífðarbúnaður sem framleiddur er eftir öðrum stöðlum skal búnaðurinn einnig uppfylla ÍST EN staðlana. Ætíð skal miða við nýjustu útgáfu staðalsins.
 - Hanskar: EN 659 :2003
 - Hjálmar: [ÍST EN 443 :1997](#)
 - Hlífðarfatnaður: ÍST EN 469 :1995
 - Hlífðarfatnaður: [ÍST EN 1486 :1996](#)
 - Hlífðarfatnaður prEN ISO 15384
 - Skóbúnaður: prEN 14834
 - Hettur: ÍST EN 13911:2004
 - Andlitshlífar: prEN 14458
 - Eiturefnabúningar (gaspéttir): [ÍST EN 943 -1:2002](#) - 1. hluti:
 - Eiturefnabúningar (gaspéttir): [ÍST EN 943 -2:2002](#) - 2. hluti:
 - [ÍST EN 466 :1995](#) og [ÍST EN 466 :1995/ A1:1998](#) Hlífðarfatnaður - (Búnaður af 3. gerð)
 - [prEN 466 -2](#)
 - [ÍST EN 531 :1995](#)
 - [ÍST EN 531 :1995/ A1:1998\[1\]](#)

Drög að Reglugerð um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna – nokkur atriði (2)

- Undirfatnaður skal vera úr efnum sem ekki bráðna við hita s.s. bómull eða ull.
- Seljandi hlífðarbúnaðar fyrir slökkviliðsmenn skal ábyrgast að hlífðarbúnaðurinn fullnægi öryggiskröfum á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við fyrirsjáanlega og eðlilega notkun búnaðarins.
- Hafi hlífðarbúnaður ekki fullgilda viðurkenningu á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 1. mgr., skal sá sem framleiðir, flytur inn eða selur hlífðarbúnaðinn leita viðurkenningar hjá Brunamálastofnun áður en búnaðurinn er settur á markað hér á landi.
- Telji Brunamálastofnun að búnaðurinn fullnægi ekki kröfum skv. 1. mgr. er stofnuninni heimilt að banna sölu hans.

Drög að Reglugerð um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna – nokkur atriði (3)

- Með öllum hlífðarbúnaði sem seldur er skal fylgja greinargóðar upplýsingar á íslensku um notkunarsvið hans, allt viðhald og þrif á búnaðinum.
- Með öllum hlífðarbúnaði sem seldur er skal fylgja ætlaður **lifitími** búnaðarins.
- Óheimilt að gera þær breytingar á hlífðarbúnaði, sem skert geta notagildi eða öryggi búnaðarins.

Drög að Reglugerð um hlífðarbúnað slökkviliðsmanna – nokkur atriði (4)

- Hlífðarbúnaður sem ekki uppfyllir ofangreinda staðla skal tekin úr notkun.
- Hlífðarbúnaður sem hefur orðið fyrir skemmdum sem geta haft áhrif á öryggi slökkviliðsmanns skal tafarlaust tekinn úr umferð.
- Hlífðarbúnaður sem er orðinn eldri en ætlaður lífitími skal tekinn úr umferð

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun - lagaheimild

- Núverandi reglugerð nr. 354/1984
- Ný rgl. sett samkvæmt fyrirmælum í 11. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000
- ----
- **11. gr. Starfsemi slökkviliðs.**
Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða, svo og vatnsöflun til slökkvistarfa. Jafnframt skal í reglugerð kveða á um búnað og þjálfun slökkviliðsmanna vegna mengunaróhappa á landi að fengnum tillögum Brunamálastofnunar í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – helstu breytingar frá rgl. 354/1994

- *Gildir hjá slökkviliðum og öðrum sem þurfa að stunda reyk- og efnaköfun í starfi sínu*
- *Tekur líka til efnaköfunar*
- *Kennsla í reykköfun hjá öðrum aðilum en BR samþykkir námsskrá*
- *Vísað til EN staðla um allan búnað*
- *Lifitími skilgreindur*
- *Gæðakerfi og skráning hjá þjónustuaðilum*
- *Breyttar kröfur til æfinga*
 - *Minnst 7 æfingar*
 - *Ein með heitum reyk á æfingasvæði*
 - *Ein með hættulegum efnum*
- *Krafa um stjórnanda reykkafara*
- *Reykköfunarbók*
- *Heilbrigðiskröfur skilgreindar af landlækni*

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – kaflaskipting og greinar

I. KAFLI Almenn ákvæði.

- 1 gr. Markmið
- 2 gr. Gildissvið
- 3 gr. Skilgreiningar.
- 4 gr. Framkvæmd.
- 5 gr. Útgáfa leiðbeininga.
- 6 gr. Menntunarkröfur.
- 7 gr. Rannsóknir slysa og óhappa.

II. KAFLI Reykköfunarbúnaður

- 8 gr. Viðurkenning búnaðar.
- 9 gr. Kröfur til seljenda reykköfunarbúnaðar.
- 10 gr. Þjónustuaðilar reykköfunarbúnaðar.
- 11 gr. Kröfur til loftpressu og loftgæða
- 12 gr. Viðhaldskerfi og eftirlitsbók.

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – kaflaskipting og greinar

- **III. KAFLI Menntun og þjálfun**
- 13 gr. Almenn ákvæði.
- 14 gr. Námsskrá.
- 15 gr. Viðurkenning kennslunnar og leiðbeinenda.
- **IV. KAFLI Reykköfunarskírteini.**
- 16 gr. Útgáfa skírteina.
- 17 gr. Gildistími skírteina og varðveisla þeirra.
- **IV. KAFLI Heilbrigði og læknisskoðun.**
- 18 gr. Almenn ákvæði.
- **V. KAFLI Öryggi og skyldur við reykköfun.**
- 19 gr. Skyldur slökkviliðsstjóra.
- 20 gr. Stjórnandi reykkafara.
- 21 gr. Skyldur reykkafara og annarra sem þátt taka í reykköfun.
- 22 gr. Neyðarráðstafanir.
- **VI. KAFLI Viðurlög, gildistaka o.fl.**
- 23 gr. Sérstakar ástæður.
- 24 gr. Viðurlög.
- 25 gr. Gildistaka.
-

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – nokkur atriði

- Markmið með reglugerðinni er að tryggja eftir því sem unnt er að mönnum, sem skipaðir eru í slökkvilið skv. 1. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir eða eru fastráðnir sbr. 3. mgr. hafi tilskilda menntun og færni til að stunda reyk- og efna-köfun og að þeim sé séð fyrir fullnægjandi hlífðarbúnaði til að nota við reyk- og efnaköfun og **að starfsöryggi þeirra sé tryggt.**
- gildir hjá slökkviliðum og öðrum sem þurfa að stunda reyk- og efnaköfun í starfi sínu

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – nokkur atriði

- Brunamálastofnun hefur yfirumsjón með framkvæmd reglugerðar þessarar, en sveitastjórn og slökkviliðsstjóri fara með framkvæmd hennar, hver í sínu umdæmi.
- Sá sem vill stunda reykköfun skal hafa lokið prófi í reykköfun með fullnægjandi árangri frá Brunamálaskólanum **eða aðila sem hann viðurkennir.**

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – nokkur atriði

- Reykköfunartæki skulu að lágmarki uppfylla ákvæði eftirfarandi ÍST EN staðla. Séu keypt reykköfunartæki sem framleidd eru eftir öðrum stöðlum skal búnaðurinn einnig uppfylla ÍST EN staðlana. Ætíð skal miða við nýjustu útgáfu staðlanna.
- **ÍST - EN 136**
- **ÍST - EN 137**
- Ath. tilskipun nr. 89/686/EBE frá 21. desember 1989 um persónuhlífar.
PPE tilskipunin

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – nokkur atriði

- Seljandi reykköfunarbúnaðar skal ætíð hafa á boðstólum nægar birgðir af varahlutum. Fara skal stranglega eftir leiðbeiningum framleiðanda svo sem um hámark leyfðs notkunartíma einstakra hluta tækjabúnaðarins.
- Búnaðinn skal skoða og lagfæra eftir sérhverja notkun og minnst einu sinni árlega skal fara fram rækileg yfirferð á öllum tækjabúnaðinum. Öll tæki, sem í notkun eru í landinu skulu skoðuð hjá viðurkenndri prófunarstöð ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti.
- Allar nauðsynlegar leiðbeiningar um viðhald og meðferð reykköfunarbúnaðarins skal þýða á gott íslenskt mál, er fylgi búnaðinum við sölu.

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – nokkur atriði

- Þeir aðilar er annast skoðun, viðhald og viðgerðir á reykköfunarbúnaði skulu hafa hlotið viðurkenningu Brunamálastofnunar sem staðfestir hver réttindi og skyldur þeirra eru.
- **Rekstur og búnaður prófunarstöðva er háður eftirliti Brunamálastofnunar.** Reykköfunartæki skulu hafa **skráningarnúmer**, sem fylgir tækinu meðan það er í notkun. Prófunarstöð heldur spjaldskrá yfir þau tæki sem eru þjónustuð og skráir framleiðanda, tegund og verksmiðjunúmer.

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – nokkur atriði

- Ábyrgðaraðili og starfsmenn prófunarstöðvar skulu hafa sótt grunnnámskeið um þjónustu á reykköfunartækjum hjá Brunamálastofnun og staðist próf að því loknu.
- Brunamálastofnun getur látið innsigla reykköfunartæki, sem stofnunin telur óhæf til notkunar eða þarfnist viðgerðar. Tafarlaust skal senda búnaðinn til prófunarstöðvar og enginn má rjúfa innsiglið nema fulltrúi stofnunarinnar eða viðgerðarmaður á prófunarstöð.

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – nokkur atriði

- Taka skal sýni af öndunarlofti frá loftpressu á 12 mánaða fresti og mæla magn efna í öndunarloftinu.
- Loftpressa, uppsetning og aðstaða, skal vera viðurkennd af Brunamálastofnun.
- Eftirlit og viðhald slökkviliðsstjóra á reykköfunarbúnaði skal vera gert eftir viðhaldskerfi þar sem tiltekið er hvernig og hvenær skuli prófa búnaðinn og íhluti hans samkvæmt viðeigandi stöðlum.

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – nokkur atriði

Hver sem vill stunda reykköfun skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a) vera fullra 20 ára,
- b) standast með fullnægjandi hætti heilbrigðiskröfur,
- c) uppfylla menntunar- og hæfniskröfur,
- d) hafa gilt reykköfunarskírteini útgefið af Brunamálastofnun.

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – nokkur atriði

- Verklegar æfingar í reykköfun hjá slökkviliðum skulu vera minnst 7 árlega þar af 4 reykköfunaræfingar þar sem 1 er með heitum reyk og 3 efnaköfunaræfingar þar sem 1 er með hættulegum efnum samtals minnst **25 klst.** á hverju ári. Æfingarnar endurspegli helstu áhættur eins og þær eru skilgreindar í **Brunavarnaáætlun**.
- Heitar æfingar og æfingar með hættulegum efnum skulu fara fram á þjálfunarsvæði sem er útbúið fyrir slíkar æfingar. Þó má nýta hús sem á að brenna til æfinga ef hægt er að tryggja aðfærslu vatns og öryggi allra viðstaddra.
- Ofangreind ákvæði um reykköfunaræfingar breyta í engu almennri æfingarskyldu samkvæmt 19. gr. brunamálalaganna nr. 75/2000.

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – nokkur atriði

- Brunamálastofnun semur eða samþykkir námsskrá og leggur fyrir próf samkvæmt tilmælum í IV. viðauka fyrir þá sem hyggja á nám í reykköfun.
- Viðurkenning Brunamálastofnunar á kennslu í reykköfun er háð því að lögð sé fram kennsluáætlun og skrá yfir kennslubúnað sem stofnunin samþykkir.
- Tilnefndir séu tveir reyk- og efnakafarar sem kenna á umræddu námskeiði eða skóla. Annar þeirra skal hafa a.m.k. 200 klukkustunda reykköfunartíma, tveggja ára starfsreynslu sem reyk- og efnakafari, náð 25 ára aldri og vera handhafi reyk- og efnakafaraskírteinis.

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – nokkur atriði

Brunamálastofnun gefur út reykköfunarskírteini samkvæmt reglugerð þessari.

- Reykköfunarskírteini gildir til fimm ára í senn og eftir þann tíma getur viðkomandi sótt um að Brunamálastofnun gefi út nýtt skírteini.
- Til að endurnýja skírteini þarf að framvísa reykköfunarbók og læknisvottorði skv. 18.gr.

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – nokkur atriði

- Læknisskoðun reykkafara skal gerð fyrirmælum sem Brunamálastofnun hefur sett í samráði við Landlækni, sjá viðauka II.
- Reykkafarar og nemar í reykköfun skulu vera í góðu andlegu og líkamlegu ástandi og vera hæfir til reykköfunarstarfa. Sjá viðauka III.
- Gildistími læknisskoðunar gagnvart veittum skírteinum er 12 mánuðir

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – nokkur atriði

- Stjórnandi reykkafara
 - stýrir öllum þeim sem starfa í reykköfun
 - sér til þess að unnið sé eftir reykköfunaráætlun öryggisreglur séu haldnar.
 - er óheimilt að reykkafa sjálfum.
 - Skal hafa a.m.k. fimm ára reynslu sem reykkafari og/eða 200 reykkafanir.

Drög að Reglugerð um reyk- og efnaköfun – nokkur atriði

- Við reykköfun skal m.a. gæta eftirfarandi öryggisatriða, eftir því sem framast verður við komið:
- a) að eigi fari færri en tveir kafarar saman inn í reykhaf nema í ítrustu neyð.
- b) að reykkafari sé ætíð í góðu talsambandi við stjórnanda björgunar- og slökkvistarfsins og sömuleiðis við þá reykkafara sem með honum starfa.

Drög að Reglugerð um starfsemi slökkviliða – *Markmið*

- Markmið með reglugerðinni er að tryggja að slökkvilið sveitarfélaga séu í stakk búin til að sinna verkefnum sínum eins og þau eru skilgreind í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og **lýst er í brunavarnaáætlun sveitarfélagsins.**
- Jafnframt að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjáfað að það ráði við þau verefni sem því er falið skv. lögum að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem er á hverjum stað og viðkvæmni svæðisins.

Drög að Reglugerð um starfsemi slökkviliða – *Gildissvið*

- gilda um skipulag og uppbyggingu slökkviliðsins, þ.m.t. einnig samvinnu við önnur slökkvilið, lögreglu og önnur stjórnvöld, björgunarsveitir og fyrirtæki. Í reglugerðinni eru einnig gerðar kröfur um menntun og hæfi starfsmanna slökkviliða.

Drög að Reglugerð um starfsemi slökkviliða – *Skilgreiningar.*

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglugerð þessari, hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Útkallslið: Sá hluti slökkviliðs sem sér um viðbragð eftir boðun.

- *Hlutastarfandi slökkvilið:* Slökkvilið sem byggir útkallsstyrk sinn á því að kalla til vaktbundinn mannafla.
- *Vaktbundið:* Útkallsstyrkur sem er á bakvakt og skyldugur til að mæta á boðaðar æfingar og í útköll á meðan á vaktinni stendur.
- *Atvinnuslökkvilið:* Slökkvilið sem er með útkallsstyrk á vakt á slökkvistöð allan sólarhringinn.

Drög að Reglugerð um starfsemi slökkviliða – viðbragðstími

-
- **Flokkur I** (viðbragðstími að jafnaði minni en 10 mínútur) *í þéttbýli og þjónustukjörnum í stærri bæjum þar sem gerð er krafa um atvinnuslökkvilið eða dagvaktarlið.*
- **Flokkur II** (viðbragðstími að jafnaði minni en 15 mínútur) *alls staðar í þéttbýli þar sem flokkur I á ekki við.*
- **Flokkur III** (viðbragðstími lengri en 15 mínútur) *utan þéttbýlis.*

Drög að Reglugerð um starfsemi slökkviliða – þjónusta

- *Þjónustu slökkviliða er skipt upp í eftirfarandi sex meginþjónustuflokka:*
 - *Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss.*
 - *Slökkvistarf innanhúss og reykköfun.*
 - *Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun.*
 - *Eldvarnaeftirlit.*
 - *Björgun fólks með klippum, glenum eða öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum.*
 - *Aðra þjónustu, svo sem sjúkraflutninga, slökkvistarf eða dælingu úr skipum.*

Drög að Reglugerð um starfsemi slökkviliða – *Vaktafyrirkomulag*

- Slökkvilið skipað atvinnumönnum, þar sem eru sólarhringsvaktir, þurfa að vera skipulögð þannig að a.m.k. sé tryggt að í fyrsta útkalli mæti a.m.k. 5 manns sem geti sinnt:
 - a. Reykköfun (3)
 - b. Vatnsöflun (1)
 - c. Stjórnun (1)

Drög að Reglugerð um starfsemi slökkviliða – *Vaktafyrirkomulag*

- Slökkvilið skipað **hlutastarfandi** mönnum þurfa að vera skipulögð þannig að a.m.k. séu tvær vaktir þannig að lágmarksstyrkur fyrsta útkalls sé alltaf tryggt að mæti a.m.k. 7 manns sem geti sinnt:
 - a. Reykköfun (5)
 - b. Vatnsöflun (1)
- Stjórnun (1)

Drög að Reglugerð um handslökkvitæki og slöngukefli

-
- Núverandi reglugerð er nr. 170/1990
- Nýja rgl. kallar á lagabreytingar m.a vegna starfsleyfa sem hleðslustöðvar þurfa að hafa

Brunamálastofnun

Iceland Fire Authority



Brunamálastofnun

Iceland Fire Authority

